

**Alþingi**  
**Erindi nr. Þ 130/1016**  
**komudagur 20.2.2004**

Nefndasvið Alþingis,  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík

Reykjavík, 17. febrúar 2004

**Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingar á lögum um lögmennt, nr. 77 15. júní 1998, með síðari breytingum (463. mál)**

Með vísan til bréfs allsherjarnefndar Alþingis dagsett 5. febrúar s.l. vill Félag lögfræðinga fjármálafyrirtækja (FLF) koma á framfæri athugasemdum við ofangreint frumvarp. Frá því að frumvarpið var lagt fram á Alþingi 12. desember s.l. hafa félagsmenn FLF látið í ljós við stjórn félagsins mikla óánægju með einstök efnisatriði frumvarpsins. Ljóst er að vanda þarf vel til lagasetningar um störf lögmannna. Á undanförunum árum hefur fjölgað mjög í hópi lögmannna sem starfa á grundvelli undanþága í 1. og 3. tl. 2. mgr. 12. gr. lögmannalaga og samkvæmt upplýsingum frá LMFÍ eru 40% félagsmanna LMFÍ í þeim hópi. Áður en ráðist er í breytingar á lögmannalögum er nauðsynlegt að skoða vel hvaða áhrif breytingar hafa á störf og réttindi allra lögmannna. Á fundi Lögmannafélags Íslands hinn 22. janúar s.l. var eftirfarandi tillaga samþykkt með miklum meirihluta greiddra atkvæða:

1. „Fundurinn skorar á stjórn félagsins að óska eftir því við dómsmálaráðherra, að hann beiti sér fyrir því að frumvarpinu verði breytt í meðförum þingsins sem hér segir:

Niður verði felldar allar greinar frumvarpsins aðrar en þær sem nú verða taldar:

1. gr., 2. gr., 3. gr., 1.,3. og 4. mgr. 4. gr. svo og 15.-17. gr. og 19.-20. gr.

2. Fundurinn beinir því til stjórnar LMFÍ að hún skipi nefnd 9 félagsmanna undir forystu formanns félagsins og hafi nefndin það verkefni að gaumgæfa nauðsynlega heildarendurskoðun á lögmannalögum. Í starfi nefndarinnar verði einkum kannað, hvernig félagsaðild og handhöfn lögmannsréttinda verði bezt fyrir komið og þar hafðar til hliðsjónar tilgangsskyldur félagsins samkvæmt 2. gr. samþykta þess. Starfi nefndarinnar skal ljúka með gerð tillagna um breytingar á lögmannalögum og eftir atvikum samþykktum félagsins. Nefndin ljúki störfum eigi síðar en svo, að tillögur hennar verði lagðar fyrir aðalfund félagsins 2005.“

Félag lögfræðinga fjármálafyrirtækja lýsir yfir stuðningi við ofangreinda tillögu og óskar eftir því við allsherjarnefnd Alþingis að felldar verði niður allar greinar frumvarpsins aðrar en þær sem koma fram í 1. tölulið hér að ofan. Verði fallist á þessa tillögu getur starf nefndar skv. 2. tölulið hafist.

Verði hins vegar ekki orðið við framangreindri tillögu vill FLF koma að eftirfarandi efnislegum athugasemdum við þau ákvæði frumvarpsins sem helst snerta réttindi og störf lögmannna þess:

1. Ákvæði b. liðar 1. mgr. 4. gr.:

Í b. lið 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins er mælt fyrir um breytingu á 6. gr. laga nr. 77/1998 um lögmennt (LML), sem fjallar um skilyrði þess að hljóta réttindi sem héraðsdómslögmaður. Nái frumvarpið fram að ganga geta þeir einir öðlast réttindi til að vera héraðsdómslögmennt sem starfað hafa í sex mánuði sem fulltrúar lögmanns, sem ekki hefur fengið undanþágu frá 1. mgr. 12. gr. laga 77/1998, eða eitt ár sem aðstoðarmenn dómara, fulltrúar ríkissaksóknara, ríkislögreglustjóra, lögreglustjórans í

Reykjavík eða sýslumanns eða hafa hlotið sambærilega starfsreynslu að mati prófnefndar. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að reynslan hafi sýnt að nauðsynlegt sé að menn hafi öðlast nokkra starfsreynslu áður en þeir fái lögmannsréttindi.

Því verður vart á móti mælt að starfsreynsla nýtist þeim sem öðlast réttindi sem héraðsdómslögmennt eins og önnur atvinnutengd réttindi. Starfsmöguleikar þeirra sem nú ljúka laganámi eru fjölbreyttari en áður, t.a.m. hafa félagsmenn í FLF fundið sér starfsvettvang hjá bönkum, váttryggingafélögum, Kauphöll Íslands hf., Verðbréfaskráningu Íslands hf. og opinberum eftirlitsstofnunum á fjármálamarkaði. Þeir lögfræðingar sem starfa á þessum vettvangi hafa auðvitað mismunandi starfsreynslu rétt eins og þeir lögfræðingar sem starfa sem fulltrúar sjálfstætt starfandi lögmannna og embætta ríkisins.

Þau lögfræðistörf sem lögmennt og aðrir félagsmenn í FLF vinna fyrir vinnuveitendur sína eru í flestum tilvikum fjölbreytt störf þar sem reynir á margar ólíkar hliðar lögfræðinnar, t.a.m. samningagerð, lögfræðilegar álitagerðir, málflutningur fyrir dómi og gerð ýmiss konar reglna og fyrirmæla. Þeir lögmennt sem starfa hjá bönkum, váttryggingafélögum og öðrum vinnuveitendum félagsmanna FLF hafa fengið undanþágu samkvæmt 2. mgr. 12. gr. laga nr. 77/1998, sem lýtur að því að þeir eru undanþegnir skyldu til að hafa skrifstofu opna almenningi, sérstakan fjárvörslureikning og starfsábyrgðartryggingu á meðan þeir gegna föstu starfi fyrir sinn vinnuveitanda.

Það er ótækt að mati stjórnar FLF að flokka starfsreynslu þeirra sem hyggjast afla sér réttinda sem héraðsdómslögmennt með þeim hætti sem fram kemur í b. lið 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Það er engin víska fyrir því að þeir aðilar sem starfa sem fulltrúar lögmanns sem uppfyllir skilyrði 1. mgr. 12. gr. laga um lögmennt eða starfa fyrir þau embætti ríkisins sem upp eru talin í b. lið 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins hafi öðlast betri undirbúning fyrir starf sem héraðsdómslögmennt en þeir sem starfa að lögfræðistörfum fyrir aðrar opinberar stofnanir eða einkaaðila.

Það er ósanngjarnt gagnvart þeim löglærðu einstaklingum sem ráðið hafa sig til starfa hjá einkaaðilum eða embættum ríkisins, öðrum en þeim sem upp eru talin í b. lið 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins, að starfsreynsla þeirra sé ekki lögð að jöfnu við þá starfsreynslu sem talin er upp í ákvæðinu. Sömuleiðis getur sú óvíska sem felst í því að það sé háð mati prófnefndar hvort starfsreynsla þessara einstaklinga sé metin sambærileg við þá starfsreynslu sem talin er upp í ákvæðinu komið sér illa fyrir einstaklingana og vinnuveitendur þeirra.

Jafnframt er ákvæði b. liðar 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins óheppilegt vegna tengingar þess við önnur ákvæði frumvarpsins. Í 11. gr. frumvarpsins er kveðið á um þau skilyrði sem lögmaður þarf að uppfylla til að geta fengið lögmannsréttindi lýst virk að nýju hafi dómsmálaráðherra lýst þau óvirk, þau fallið niður eða verið felld niður samkvæmt einhverju því sem segir í 7. – 10. gr. frumvarpsins. Í 11. gr. frumvarpsins segir að réttindi lögmanns skulu lýst virk að nýju eða veitt honum að nýju eftir umsókn hans án endurgjalds eða prófraunar, enda fullnægi hann öllum öðrum skilyrðum til að njóta þeirra.

FLF bendir á að skilja má orðalag b. liðar 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins svo að lögmennt, sem hlotið hafa réttindi til að vera héraðsdómslögmennt fyrir gildistöku frumvarpsins en leggja réttindin inn til dómsmálaráðuneytisins, t.d. ef vinnusambandi lögmanns og vinnuveitanda er slitið eða það rofnar tímabundið eða á grundvelli 2. mgr. 10. gr. frumvarpsins, geti ekki öðlast réttindin á ný án þess að uppfylla að fullu framangreind skilyrði um starfsreynslu. Þannig gæti lögmaður, sem hefur t.d. ávallt starfað hjá fjármálafyrirtæki eða váttryggingafélagi, ekki fengið réttindin lýst virk að nýju nema hann geti fyrst sýnt fram á að hann hafi öðlast þá reynslu sem kveðið er á um í b. lið 1. mgr. 4. gr. frumvarpsins. Sé þetta raunin er með þessu verið að skerða afturvirktt atvinnuréttindi sem lögmaður hefur áður aflað sér. Tryggja þarf að réttindi

þeirra sem öðlast hafa lögmansréttindi fyrir gildistöku frumvarpsins raskist ekki með framangreindum hætti. Til hliðsjónar má benda á 1. mgr. 31. gr. núgildandi laga.

## 2. Ákvæði 3. og 4. tl. a-liðar 6. gr.:

Í 6 gr. frumvarpsins er lögð til breyting á 9. gr. lögmanna laga um hvernig héraðsdómslögmaður getur öðlast leyfi til að vera hæstaréttarlögmaður. Í 3. tl. a-liðar 6. gr. er lagt til að lögmaður þurfi að hafa flutt ekki færri en 40 mál munnlega fyrir héraðsdómi eða sérdómstóli í stað 30 eins og er í dag og af þessum 40 málum skuli 10 mál fullnægja skilyrðum um áfrýjun til Hæstaréttar eða hafa fengið leyfi Hæstaréttar til áfrýjunar. Þá er í 4. tl. a-liðar 6. gr. lagt til að prófmálum flutt í Hæstarétti verði fjölgað úr tveimur í fjögur og skuli þau flutt fyrir fimm eða sjö dómurum og skuli a.m.k. tvö þessara prófmála vera einkamál.

Í greinargerð með 6. gr. kemur fram að tilgangur með kröfu um prófmál sé að prófa málflutningshæfni lögmans og því sé lagt til að málum fluttum í héraði verði fjölgað úr 30 í 40 og prófmálum í Hæstarétti úr tveimur í fjögur. Ekki er þó á það minnst í greinargerð með 6. gr. frumvarpsins að reynslan hafi sýnt mönnum að það sé nauðsynlegt að fjölga málum fluttum í héraði og prófmálum fyrir Hæstarétti. Fjölgun fluttra mála í héraði og aðrar breytingar í 3. og 4. tl. a-liðar 6. gr. eru til þess fallnar að takmarka verulega möguleika lögmanna til að afla sér réttinda til málflutnings fyrir Hæstarétti. Félagið telur ekki efnisleg rök til slíkra breytinga á gildandi lögmanna lögum.

## 3. Ákvæði 7. gr. og 18. gr. frumvarpsins:

Í 4. mgr. 7. gr. frumvarpsins segir að þeim lögmanni sem fengið hefur undanþágu samkvæmt 1. eða 3. tölulið 2. mgr. 12. gr. LML sé óheimilt að nefna sig lögmann nema þegar hann kemur fram fyrir hönd þeirra sem þar greinir og í málum sem varða hagsmuni þeirra. Fram kemur í athugasemdum með 7. gr. frumvarpsins að hin nýju ákvæði frumvarpsins um notkun titilsins lögmaður séu sett meðal annars til þess að tryggja rétta notkun lögmannstitilsins. Jafnframt er vísað til þess að heimild lögmans sem er starfsmaður opinberrar stofnunar eða einkaaðila sé takmörkuð við lögfræðistörf sem unnin eru í þágu hagsmuna vinnuveitandans. Samkvæmt 18. gr. frumvarpsins er gert ráð fyrir því að þeim einum sé heimilt að nota starfsheitið lögmaður, héraðsdómslögmaður eða hæstaréttarlögmaður eða skammstafanirnar hdl. eða hrl. sem hefur virk réttindi samkvæmt LML og uppfyllir ákvæði 1. mgr. 12. gr. Þeim sem hafi virk réttindi með undanþágu samkvæmt 1. og 3. tölulið 2. mgr. 12. gr. sé þó einungis heimilt að nota starfsheitið innan þeirra marka er í 12. gr. segir. Brot gegn ákvæðinu skal varða sektum.

Gerðar eru alvarlegar athugasemdir við þau ákvæði frumvarpsins sem varða heimild til notkunar lögmannstitilsins. Í fyrsta lagi verður ekki séð hver þörfin er á því að setja slík lagaákvæði í því skyni að tryggja „réttu“ notkun lögmannstitilsins. Verður ekki betur séð en öðrum ákvæðum LML, frumvarpsins og siðareglu LMFÍ, eftir því sem við á, sé ætlað að tryggja að lögmenn hagnýti sér ekki réttindi sín í ríkari mæli en greinir í 1. og 3. tl. 2. mgr. 12. gr. laganna.


Í öðru lagi hlýtur heimild allra þeirra, sem hafa aflað sér leyfis til málflutnings fyrir íslenskum dómstólum, til þess að skýra frá því að þeir hafi aflað sér lögmansréttinda, séu héraðsdóms- eða hæstaréttarlögmenn, hdl., hrl. eða lögmenn, að teljast sjálfsögð. Það er hluti af tjáningarfrelsi einstaklinga að mega skýra frá því hvaða menntunar og atvinnuréttinda þeir hafa aflað sér. Fráleitt er að leggja það til að það skuli teljast lögbrot, þegar lögmaður sem hefur fengið undanþágu samkvæmt 1. og 3. tölulið 2. mgr. 12. gr. LML, titlar sig lögmann eða skýrir frá því t.d. í símaskrá, við kennslu, ritstörf, skipun í úrskurðarnefndir eða á mannamóti, að hann hafi hlotið

leyfi til málflytninga fyrir dómstólum, þó svo að hann bjóði engum öðrum en vinnuveitanda sínum þjónustu sem lögmaður.


Við setningu og breytingar á lögum um lögmenn ber að hafa það hugfast að lögmennsréttindi fela fyrst og fremst í sér rétt lögmanna til þess að flytja mál fyrir aðra og gæta hagsmuna annarra fyrir dómstólum. Mörg þeirra starfa eða verkefna sem sjálfstætt starfandi lögmenn sinna fyrir umbjóðendur sína krefjast ekki virkra lögmennsréttinda. Á hinn bóginn felast störf sumra þeirra lögmanna sem starfa samkvæmt undanþáguheimild 1. og 3. töluliðs 2. mgr. 12. gr. LML að verulegu leyti í hagsmunagæslu fyrir dómi í þágu vinnuveitanda sinna. Það gengur ekki upp, hvernig sem á málið er litið, að setja slíka takmörkun við notkun þeirra á lögmennstitlinum og gert er í 7. og 18. gr. frumvarpsins.

Að lokum itrekar FLF stuðning sinn við þá ályktun sem samþykkt var á félagsfundi LMFÍ hinn 22. janúar s.l. um að fram fari heildarendurskoðun á lögum um lögmenn með þeim hætti sem að framan greinir. Jafnframt áskilur FLF sér rétt til að koma að frekari athugasemdum við einstök ákvæði frumvarpsins verði ekki farið að framangreindri tillögu.

Virðingarfyllt,  
í stjórn Félags lögfræðinga fjármálafyrirtækja:

  
Daði Bjarnason, hdl.

  
Helga Jónsdóttir, hdl.

  
Stefán Þór Bjarnason, hdl.

Afrit sent:  
Dómsmálaráðherra.  
Lögmannafélag Íslands